

Golli



Skiltið lagfært Viðgerðarmenn gera við skilti á byggingu Icelandic Group í Borgartúni. Icelandic Group er eitt tíu stærstu sjávarútvegsfyrirtækja heims en blikur eru á lofti í rekstrinum.

Íslendingar skulda ekkert

Eftir Alain Lipietz

ÓLAFUR Ragnar Grímsson, forseti Íslands, kom af stað höggbylgju innan fjármálageira heimsins með því að kalla íslensku þjóðina til atkvæðagreiðslu um það hvort skattgreiðendur eigi að taka á sig skuldir vegna Icesave-reikninga Landsbankans. Þá gerðist það í fyrsta skipti í þessari alþjóðlegu fjármálakreppu, að svo virtist sem þjóð væri að hafna því að „hið opinbera“ tæki á sig skuldir. Að þjóð ætlaði að hafna því að gera skuldir einkafyrirtækis að skuldum þjóðarinnar. Á sama tíma ætluðu tvær aðrar evrópskar þjóðir, Bretar og Hollendingar, að krefjast þess að umræddar skuldir yrðu greiddar.

Evrópskir fjölmóðlar (ekki síst þeir hægrissinnuðu, sem og viðskipta- og fjármálamiðlarnir) lýstu vanþóknun sinni þegar þeir áttuðu sig á því hve fáránlegar kröfur ríkisstjórna landanna tveggja eru. Þeir sökuðu ríkisstjórnirnar tvær um að vera harðbrjóstá. Mönnum varð hugsað til Shakespeare-persónunnar Shylocks, okurlánarans í Kaupmanninum frá Feneýjum, sem krafðist punds af holdi af þeim sem skulduðu honum fé en gátu ekki endurgreitt.

Sannarlega eru þessar ríkisstjórnir harðbrjóstá. Og þær eru líka okurlánarar: þær krefjast 5,5% vaxta á sama tíma og Evrópusambandið (sem er undarlega þögult um málefni Íslands) lánar Ungverjalandi fé á 2% vöxtum og stórveldin lána eigin bönkum fé því sem næst vaxtalaust.

En ólíkt Shylock hafa hvorki Bretar né Hollendingar lánað íslenskum skattborgurum neitt! Skuld Icesave er ekki skuld sem hið opinbera stofnaði til heldur einkaaðilar. Hvað gerðist eiginlega?

Þegar þetta litla fiskimannasamfélag – sem er álíka fjölmennt og meðalstór borg í Bretlandi – gerðist aðili að EES, hófu menn að losa höft á fjármálastarfsemi. Fámennur hópur frammánanna, bankamanna og hægrissinnaðra stjórnmalamanna notfærði sér miskunnarlaust þessa nýju stöðu. Settur var saman afar rýr lagabálkur sem gerði bönkunum kleift að hefja starfsemi á alþjóðavísu. Starfsemi þeirra títuð út og varð á skömmum tíma meira en áttíð þjóðarframleiðsla Íslands. Í reynd fóru 90% af starfsemi íslensku bankanna fram erlendis, mest í Bretlandi og Hollandi.

Til þess að opna útibú í löndum Evrópusambandsins urðu íslensku bankarnir að uppfylla skilyrði tilskipunar Evrópusambandsins 94/19/EC þar sem sérhvert land er skylda til að koma á fót „innistæðutryggingakerfi“. Það er tryggingasjóður í heimalandinu, sem fjármagnaður er með hluta þeirra fjármuna sem lagðir eru inn á reikninga viðkomandi fjármálafyrirtækis og er ætlað að tryggja innistæður sem nemur 20000 evrum. Íslenski innistæðutryggingasjóðurinn tryggir ekki nema lítinn hluta af



Alain Lipietz

þessum innlánum bankanna, en menn mátu það svo að ólíklegt væri að eignir þeirra allra gufudu upp samtímis.

Var íslenski innistæðutryggingasjóðurinn ef til vill mjög veikburða? Var eftirlitið með honum ef til vill sérstaklega lélegt? Richard Portes, forseti Royal Economic Society var ekki þeirrar skoðunar. Hann skrifaði í opinberri skýrslu árið 2007: „The institutional and regulatory framework appears highly advanced and stable. Iceland fully implements the directives of the European Union's Financial Services Action Plan (unlike some EU member states)“.

Þetta var «well informed common wisdom», hin vel upplýsta almenna víska fjármálaheimsins, greining sem einn glæsilegasti fulltrúi hans, Breti sem orðaður hefur verið við Nóbelsverðlaunin, bauð almenningi uppá.

Pótt hægt sé að skilgreina bankastarfsemi sem fyrirtæki á markaði má ekki gleyma að þessi geiri sinnir einnig mikilvægu þjónustuhlutverki. Bankakerfið sinnir því hlutverki að sjá um almenna greiðslumiðlum, sem þýðir að ef hún leggst af hætta peningar, sem sú verðmætaskráning sem mest sátt er um, að vera í umferð.

Ísland brást við bankakreppunni eins og önnur ríki og var raunar með þeim fyrstu. Var innistæðutryggingasjóðurinn þar of veikburða til að geta tryggt innistæðurnar? Íslenska ríkisstjórnin hækkaði strax ábyrgðina gagnvart sparifjáreigendum. En hún hafði ekki sama bolmagn og stóru þjóðirnar til að lána innlendum bönkunum gríðarlegar upphæðir til að bjarga þeim. Þá greip breska ríkisstjórnin til sinna ráða og gerði tvennt í einu: Hún gerði eignir íslensku fjármálafyrirtækjanna upptækar og bauð þeim Bretum sem áttu innistæður í Icesave tryggingu. Sama gerði ríkisstjórn Hollands.

Bar þessum þremur ríkisstjórnunum einhver lagaleg skylda til að hækka innistæðutrygginguna upp fyrir þá upphæð sem innistæðutryggingasjóðurinn réð við að greiða þeim sem lögðu inn á reikninga hjá Icesave? Tilskipun Evrópusambandsins sem fjallar um þetta efni (94/19/EC1) er alveg afdráttarlaus um þetta atriði: Svarið er Nei!

„Tilskipun þessi getur ekki gert aðildarríkin eða lögbær yfirvöld þeirra ábyrg gagnvart innistæðueigendum ef þau hafa séð til þess að koma á einu eða fleiri kerfum viðurkenndum af stjórnvöldum...“

Ég var eftirlitsaðili, svokallaður „shadow reporter“ fyrir þingflokk Græningja á Evrópuþinginu, í bæði skiptin sem breytingar voru gerðar á tilskipun 94/19/EC. Í þeirri vinnu kom aldrei til greina að endurskoða það grundvallaratriði að opinberir aðilar skuli ekki gangast í ábyrgð fyrir skuldir einkaaðila.

Ríkisstjórnir Íslands, Bretlands og Hollands höfðu auðvitað fullan rétt til að bæta það sem

» Það er orðið tímabært að Bretland og Holland taki aftur upp meginreglu réttarríkisins ... snúi sér til þessa dómstóls og hætti hótunum um að taka eitt pund af holdi af hverjum einasta Íslendingi, þar á meðal ungbörnum.

uppá vantaði til að innistæðutryggingasjóðirnir á hverjum stað nægðu. Þegar kreppan skall á var það jafnvel skylda þeirra að gera það, koma þannig í veg fyrir ólgu í þjóðfélaginu og viðhalda efnahagslegum og þjóðfélagslegum stöðugleika innanlands. En það var stjórnvaldsákvörðun sem tekin var með lýðræðislegum hætti í hverju landi fyrir sig.

En ríkisstjórnir Bretlands og Hollands gengu jafnvel enn lengra. Þær ákváðu að nota opinbert fé til að endurgreiða þeim íbúum sínum, sem lagt höfðu inná Icesave, áætlað tap „þeirra“. Þetta var mun meira fé en það sem hægt var að greiða úr íslenska innistæðutryggingasjóðnum (nokkuð sem þeim var heimilt og þeim bar sennilega skylda til sbr. það sem sagt er að ofan). Að þessu loknu gerðu ríkisstjórnir Bretlands og Hollands þá kröfu á hendur íslensku ríkisstjórninni, að hún endurgreiddi þeim það sem þær höfðu greitt. Greitt sínum eigin íbúum, ekki Íslendingum! Þær ætluðu með öðrum orðum að breyta þessum einkaskuldum Icesave í opinberar skuldir íslensku þjóðarinnar.

Það er auðvelt að reikna þetta út. Ef fallist væri á þetta, myndi hver einasti Íslendingur, þar á meðal ungbörn, gamalmenni og atvinnuleysingjar, þannig sitja uppi með 10.000 evra skuld á himinháum vöxtum, verða í stuttu máli skuldsett fyrir lífstíð, jafnvel í nokkrar kynslóðir. Í Suður-Ameríku er talað um „peonaje“: smábóndann sem skuldar auðugum landeiganda fé allt sitt líf og er í rauninni haldið í ánaud, svip- og tíðkaðist á miðöldum.

Þetta er ástæðan fyrir því að Íslendingar rísa upp í fullum rétti. Og þetta er ástæðan fyrir því að menn fyllast vanþóknun í Evrópu. En burt séð frá tilfinningalegum viðbrögðum verður að minna á að slík krafa á sér nákvæmlega enga lagastoð, eins og dæmin sanna: Ríki þurfa ekki að standa skil á neinu, nema að „koma á fót og samþykkja innistæðutryggingasjóð“. Og það er af þeim ástæðum sem taldar voru upp hér að framan. Vilji Íslendingar tryggja umfram skyldu, þá er þeim frjálst að gera svo, en þá er ekki annað en sanngjarnt að leggja málið í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ríkisstjórnir Bretlands og Hollands geta í rauninni ekki gert annað en að grípa til lagabókstafsins og reynt að halda því fram að „sérlega vítavert gáleysi“ hafi verið viðhaft varðandi eftirlitsskyldu íslenskra yfirvalda. Tilvitnunin í skýrslu Portes sem vísað var í hér að framan bendir til að menn hafi flotið sofandi að feigð-

arósi. Því vissulega var um vítavert gáleysi að ræða, en það var hins vegar hvorki meira né minna en gáleysi flestra ríkisstjórna og stofnana í heiminum sem þá voru hugfangnar af þeirri talsýn að „markaðurinn myndi stilla sig af sjálfur“. Ábyrgðin vegna þessa dreifist því sannarlega á marga aðila og auðvelt væri að sjá fyrir sér að henni yrði dreift hlutfallslega. Fram hefur komið að hinar „dyggðugu og varkáru“ ríkisstjórnir Bretar og Hollendingar hafi á sínum tíma haft ákveðnar efasemdir um Icesave og talið að innistæður íbúa í sínum löndum væru betur tryggðar hjá þeim en á Íslandi. Spurningin er, hvort þeim var heimilt að bregðast við? Hvað var þeim í rauninni heimilt að gera, sem „gístiríki“ Icesave?

Svarið er skýrt. Tilskipun 94/19 og „Viðauki II“ fjallar beinlínis um þetta atriði:

„Kerfi gístiríkisins hefur rétt til þess að láta útibúin greiða framlag vegna bótgreiðslna og skal í því sambandi miðað við þá tryggingu sem kerfi heimaríkisins veitir. Til að auðvelda innheimtu slíks framlags hefur kerfi gístiríkisins rétt til að líta svo á að trygging þess takmarkist ætíð við þá tryggingu sem það veitir umfram trygginguna sem heimaríkið veitir, óháð því hvort heimaríkið greiði í reynd viðbótarbætur fyrir innlánið sem er ótiltækt á yfirráðasvæði gístiríkisins.“

Í stuttu máli getur gístiríkið boðið upp á aukatryggingu og krafist þess að útibú í gístilandinu greiði gjöld þar til viðbótar þeim gjöldum sem greidd eru í landinu þar sem bankinn er með höfuðstöðvar sínar.

Á árunum 2001-2002 tók ég saman skýrslu um tilskipunina „Reglur um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum“. Þar kom fram skilningur sem Evrópuþinggið gerði að sínum og nefnist „meginreglan um gístilandið“. Þar er nánar skilgreint að þegar um alþjóðlega fyrirtækjasamsteypu er að ræða bera yfirvöld landsins þar sem meginumsvifin (ekki móðurfélagið) er að finna, sjálfkrafa ábyrgð á eftirlitinu. Í tilfalli Icesave var það Bretland, sem gerði rétt í því að endurgreiða þeim sem höfðu lagt fé inn í bankann, en gerði rangt með því að snúast síðan gegn Íslandi.

Auðvitað væri hægt að andmæla þessari röksemdafærslu. Til er dómstóll sem hefur það hlutverk að túlka tilskipanir: Evrópuþingdómstóllinn í Lúxemborg. Það er orðið tímabært að Bretland og Holland taki aftur upp meginreglu réttarríkisins sem hefur verið þeim til sóma í gegnum söguna, snúi sér til þessa dómstóls og hætti hótunum um að taka eitt pund af holdi af hverjum einasta Íslendingi, þar á meðal ungbörnum.

Margir Íslendingar og fulltrúar þeirra virðast haldnir barnalegrir þrá, „lönung til að borga“ . En mig grunar að hér sé um samviskubitt að ræða: Eins og þetta sé guðleg refsing eftir áralanga trú á skjótfenginn gróða. Ég segi því að vel yfirveguðu máli við þessa dugmiklu og hugrökku þjóð: Þið berid hvorki lagalega ábyrgð á þeirri siðspillingu sem nú hrjár fjármálakerfi heimsins, né heldur eruð siðferðilega sek um neitt í því sem fór úrskeiðis.

Höfundur er franskur hagfræðingur og fyrrverandi þingmaður á Evrópuþinginu. Friðrik Rafnsson þýddi.